

Nd.

702. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf eða þriðja flokks bankavaxtabréf Landsbankans.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa fyrir landssjóðs hönd bankaskuldabréf, sem Landsbankinn gefur út samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóv. 1907 eða

þriðja flokks bankavaxtabréf, fyrir allt að 2 miljónum króna eftir ákvæðisverði bankaskuldabréfanna eða bankavaxtabréfanna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd allt að 2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4\frac{1}{8}\%$ en afborgist á 30 árum. Og skal láninu varið til að kaupa bankaskuldabréf eða bankavaxtabréf samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.